

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta á sparisjóðsbók í Sparisjóði Vélstjóra.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, nöfn og heimilisföng þeirra sem styrk fá og allar greiðslur, er sjóðurinn lætur af hendi. Einnig skulu allar tekjur og framlög færð í hana á sama hátt. Einnig ársreikninga og skulu þeir undirritaðir af stjórn sjóðsins og endurskoðendum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum, sem kosnir eru af Skólaráði Vélskólans.

8. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef ástæða þykir til, en einungis með samþykki allra stjórnarmeðlima.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum er gerðar kunna að verða á henni skv. 8. gr.

Nr. 241.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1975.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1975.

Tekjur :

Vextir af bankainnstæðum	kr. 17 768.00
	<hr/>
	Kr. 17 768.00

Gjöld :

Tekjur umfram gjöld	kr. 17 768.00
	<hr/>
	Kr. 17 768.00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1975.

Eignir :

Bankainnstæður	kr. 154 439.00
	<hr/>
	Kr. 154 439.00

Skuldir :

Höfuðstólsreikningur:	
Hrein eign pr. 1. jan. 1975	kr. 136 671.00
Hreinar tekjur árið 1975	— 17 768.00
	<hr/>
	kr. 154 439.00
	<hr/>
	Kr. 154 439.00

Samgönguráðuneytið, 26. mars 1976.

Brynjólfur Ingólfsson.